

LÖG

3

22. mars

um

breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29. 3. nóv. 1915.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Orðin „og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur“ í 2. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Sameinað þing skal í byrjun hvers þings kjósa fastanefnd, er nefnist utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum. Skal til hennar vísað öllum utanríkismálum og þeim öðrum málum, sem sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávalt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Á kvæði um stundarsakir.

Í fyrsta sinn skal utanríkismálanefnd kosin þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 22. mars 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.